

Umsjónarmaður skóla

Umsjónarmaður er verkstjóri og næsti yfirmaður skólaliða og skipuleggur störf þeirra. Hann fylgist með ástandi húss, muna og lóðar og er tengiliður skólans við FAK. Annast um smávægilegt viðhald, sér um að hiti, lýsing og loftræsting skólahúsnæðisins sé fullnægjandi og að kerfi þessi starfi rétt. Hann sér um flokkun og frágang sorps frá skólanum og hreinsun á rusli á skólalóð. Annast snjómokstur frá dyrum og af tröppum skólans, útvegur sand eða snjómokstur á skólalóð. Sér um innkaup á hreinlætisáhöldum og þvottaefnum. Aðstoðar við móttöku og gæslu nemenda á skólatíma. Sinnir einnig öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri kann að fela honum.